

Kópavogur 8. apríl 2021

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
nefndasvid@althingi.is



Umsögn Bindindissamtakanna IOGT á Íslandi um frumvarp til laga um félög til almannaheilla. Lagt fram á 151. löggjafarþingi 2020-2021 þingskjal 1030, 603. mál <sup>[1]</sup>

**Bindindissamtökin IOGT á Íslandi fagna þessu frumvarpi** og hvetja til þess að það verði samþykkt. IOGT á Íslandi tekur undir meginefni frumvarpsins, tilgang og einnig að samræma skuli heildarlög um félagasamtök sem starfa að almannaheillum. Þó þarf að tryggja að þau verði ekki íþyngjandi minni félögum eða takmarki með einhverju móti stjórnarskrárvárið félagafrelsi.

Með þessum lögum verða félagasamtök til almannaheilla aðgreind frá öðrum félagasamtökum, sérstaða þeirra skilgreind og þau skráð sérstaklega hjá fyrirtækjaskrá. Yfirsýn um starfsemi þeirra munu þar af leiðandi batna til muna sem munu auka traust almennings í þeirra garð, þeirra á milli og gagnvart stjórnvöldum. Í frumvarpinu felast einnig hagnýtar leiðbeiningar um stofnun og rekstur almannaheillafélaga þar sem vandaðir stjórnarhættir, lýðræðisleg vinnubrögð og ábyrgur rekstur eru höfð að leiðarljósi.

Félagasamtök eins og IOGT hafa í gegnum tíðina gengt og munu áfram gegna mikilvægu hlutverki til að viðhalda og efla virkt lýðræði. Þau eru nauðsynlegur farvegur nýrra hugmynda, umbóta og samfélagsrýni. Þau þurfa því nauðsynlegt svigrúm og athafnarými. Löggjöfin um þau mega ekki fela í sér íþyngjandi skorður um stofnun og innra skipulag. Félagasamtök hafa með höndum fjölbætt og umfangsmikil verkefni í þágu lands og lýðs og starfa á mörgum sviðum samhliða opinberum aðilum, ríki og sveitarfélögum.

<sup>[1]</sup> <https://www.althingi.is/altext/151/s/1030.html>

Fyrir hönd Bindindissamtakanna IOGT á Íslandi:

Aðalsteinn Gunnarsson Framkvæmdastjóri

Björn Sævar Einarsson Formaður